

# STJÓRNARTÍÐINDI B 63 – 1995

11. júlí 1995

915

Nr. 386

## REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

1. gr.

Frá og með 12. júlí 1995 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði við Ingólfshöfða, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°02,00 N - 16°11,20 V
2. 63°56,43 N - 16°02,70 V
3. 63°45,65 N - 16°23,75 V
4. 63°45,50 N - 16°30,15 V
5. 63°48,00 N - 16°40,00 V

Að norðan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá og með 12. júlí 1995 felld úr gildi reglugerð nr. 311, 2. júní 1995, um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júlí 1995.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*